

ELDI Á BLEIKJU OG BORRA VESTAN GRINDAVÍKUR

ALLT AÐ 3.000 TONN Á ÁRI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 3.000 tonna eldi IceAq ehf. á bleikju og borra, vestan Grindavíkur, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Stofnunin bendir einnig á að fyrirhuguð vatnsvinnsla er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Áður en leyfi til framkvæmda eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag af svæðinu. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að IceAq ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og vöktun á aðgerðum og áhrifum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins, þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. september 2013.

INNGANGUR

Pann 8. júlí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís hf., f.h. IceAq ehf., um allt að 3.000 tonna eldi á bleikju og borra, vestan Grindavíkur, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með tölvubréfi dags. 31. júlí 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 30. júlí 2013, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 16. júlí 2013, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvubréfi dags. 31. júlí 2013, Matvælastofnun með bréfi dags. 24. júlí 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 17. júlí 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. júlí 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Verkís hf. með bréfum dags. 19. og 22. júlí og 1. ágúst 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að IceAq hyggst reisa fiskeldisstöð á iðnaðarsvæði vestan Grindavíkur. Í stöðinni verði framleitt allt að 3.000 tonn af bleikju og borra (e. tilapia) á ári og hún byggð upp í tveimur áföngum á 5 árum. Ferskt vatn úr borholum á lóð stöðvarinnar og jarðsjór úr borholum nær ströndinni, sunnan stöðvarinnar, verði nýtt við eldið. Fyrirhuguð fráveitulögn frá orkuverinu í Svartsengi og til sjávar muni liggja austan við iðnaðarsvæðið og þaðan verði heitu affallsvatni veitt inn í stöðina til blöndunar í fiskeldisvatn. Fram kemur að endanleg lega lagnarinnar frá Svartsengi verði ákvörðuð í rammaskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið. Affallsvatn frá eldiskerum muni verða leitt til sjávar eftir sérstakri lögn sem liggja meðfram áðurnefndri fráveitulögn orkuversins. Fram kemur að áætlað sé að leggja veg eftir fráveitulögninni, frá þjóðvegi og inn á iðnaðarsvæðið. Frá þeim vegi verði lagður vegur inn á lóð IceAq og meðfram honum lögð leiðslan frá fráveitulögninni og inn á lóð fiskeldisins.

Fram kemur að á athafnasvæði fyrirtækisins verði reist 400 m² og um 9 m há þjónustubygging, þrjú til fjögur 7 m há fóðursíló, súrefnisturn, varaafstöð og fiskeldisker. Fiskeldisker verði lögð í nokkrum línnum suður af þjónustubyggingunni, hver lína um sig með fjögur til sex ker og hæðarmunur á milli kera verði um 0,5 metri. Ofan við hverja línu verði steipt 25-35 m löng ker, 5-8 m breið og 3-4 m djúp, sem taki allt að 980 m³ af vatni. Þessi ílöngu ker muni þjóna sem vatnsmóttaka frá dælum og til vatnsblöndunar og loftunar á eldisvatn, sem miðlað verði í hringlaga ker neðan við langkerin, 15-20 m í þvermál og 4-6 m á dýpt.

Fram kemur að áætlað sé að um 3.200 m³ af malarefni þurfi sem undirlag undir ker, í grunn, fyrir bílastæði og vegi og gera megi ráð fyrir að uppgröftur innan svæðisins geti nýst að einhverju leyti en annars verði efni sótt í námur með starfsleyfi. Fram kemur að vegur frá þjóðvegi meðfram lagnaleið sé ráðgerður vegna frárennslislagnar HS Orku og sé gert ráð fyrir að hann nýtist fyrirhugaðri starfsemi en útbúa þurfi bílastæði við stöðvarhús sem tengist umræddum vegi með stuttum vegbút.

Starfsemi. Fram kemur að seiði verði flutt lifandi í stöðina frá seiðaframleiðslustöð á Suðurlandi, en vegna hættu á smiti og sjúkdómum sé mikilvægt að aðskilja seiðaframleiðslu og áframeldi. Hráefni til eldisins verði vatn, með allt að 22 % seltu, súrefni og fóður. Í fullum rekstri sé gert ráð fyrir að notuð verði árlega 2.200-2.400 tonn af bleikjufóðri og fóðurstuðullinn verði 1,1-1,2 þ.e. 1.1 kg af fóðri til framleiðslu á 1 kg af fiski. Fyrir borrhann sé áætlað að þurfi 1.200-1.300 tonn af fóðri og fóðurstuðullinn 1,2-1,3. Fóðrið verði flutt á staðinn í tankbílum sem dæli því í fóðursílóin.

Fram kemur að heildarvatnspörf til framleiðslu á 3.000 tonnum af bleikju og borra á ári þurfi um 1.000 l/s af vatni miðað við um 50% endurnotkun á vatni, með frávik upp að allt að 70%. Með endurnýtingu á vatni sé kleift að framleiða mun meira magn af fiski með minni vatnsöflun en ella þyrfti í samanburði við aðrar fiskeldisstöðvar á Íslandi. Vatn til eldisins verði tekið úr borholum innan lóðarinnar; um 250 l/s af ferskvatni og 750 l/s af 8° heitu sjóblandað vatn. Svo kunni að fara að núverandi borhola fyrir sjóblandað vatn muni ekki anna þörfinni og verði þá borað eftir því sunnan

við lóðina og sem næst skipulögðu lagnabelti. Fram kemur að hönnun stöðvarinnar geri ráð fyrir að um 50% af vatni til eldisins verði endurnýtt. Til að ná réttu hitastigi og seltustigi fyrir bleikju, 10 °C og borra, 27 °C, verði vatni úr borholum blandað saman við jarðhitavökva í samræmi við kjörhita tegundanna. Neðstu kerin í hverri eldiseiningu verði fyrir eldi á borra og því verði vatn frá bleikjunni endurnýtt en við það bætt um 25% af heitu vatni til upphitunar að kjörhita borrans. Fyrir liggja að efnasamsetning alls vatns til fiskeldisins sé innan marka og í samræmi við kröfur sem gerðar séu til vatns til fiskeldis.

Fram kemur að allur fiskur verði fluttur lifandi í tankbílum frá fiskeldisstöðinni í vinnsluhús í Grindavík tvisvar sinnum á dag. Með því að flytja fiskinn lifandi frá eldissvæðinu verði hvorki blóð né annar lífrænn úrgangur á eldissvæðinu og um að ræða algjöran aðskilnað milli framleiðslu og vinnslu. Þannig verði smithættu innan eldissvæðisins haldið í lágmarki sem og almennti mengun.

Frárennsli kera og starfsmannaaðstöðu. Fram kemur að frárennsli frá stöðinni verði skólp frá starfsmannaaðstöðu og frárennsli úr fiskeldiskerum. Skólpið verði leitt í rotþró á lóðinni í samræmi við gildandi reglugerðir en frárennsli frá fiskeldiskerunum verði leitt til sjávar, eins og gert sé í tilfelli allra strandstöðva á Íslandi. Efnainnihald frárennslis frá stöðinni verði innan marka laga og reglna. Frárennslið, sem verði með allt að 22‰ seltu og 10 til 17 °C heitt verði leitt til sjávar í Arfadalsvík um eins metra sveru röri. Endi þess verði í steiptum stokki í fjörunni og reynt verði að láta hann falla sem best að fjörunni.

Meðhöndlun á úrgangi frá eldinu. Fram kemur að þegar eldið verði í fullum rekstri muni um 750 tonn af föstu efni koma frá eldisstöðinni á ári. Stöðin sé hönnuð þannig að hægt verði að haga hlutföllum milli tegunda í samræmi við eftirspurn og markaðsaðstæður, frá því að vera 1/3 hluti borri og 2/3 hlutar bleikja eða eingöngu bleikja. Magn af föstu efni breytist lítið eftir tegundasamsetningu í eldi. Lífrænn úrgangur verði fangaður með setgildrum í langkerum en í hringkerum verði dauðum fiski og gruggi veitt í gegnum frárennsli í botni kersins. Vatn frá hringkerum fari í gegnum tromlusúr þar sem föst efni verði fjarlægð úr vatninu. Þetta fyrirkomulag muni taka 80 – 90% af lífrænum úrgangi. Áður en affallsvatn úr einu eldiskeri flæði yfir það næsta muni vatnið fara um loftunarhólf og að lokum verði affallsvatn úr neðsta kerinu leitt frá eldisstöðinni um frárennslisrör og til sjávar. Fram kemur að föstum lífrænum úrgangi verði komið fyrir í belgjum úr gegndræpum jarðvegsdúk á lóð IceAq. Vatnið muni smám saman skiljast frá úrganginum og þurran úrgang megi síðar nota sem áburð eða hráefni til framleiðslu á lífgasi.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að lóð fiskeldisstöðvarinnar muni raska nútímahrauni sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Áhrifin komi til með að vera staðbundin og verulega neikvæð innan lóðarinnar en óveruleg utan hennar. Þá muni áhrif lagnaleiðar á jarðmyndanir í fjöru í Arfadalsvík verða staðbundin og talsvert neikvæð en nokkuð neikvæð á leið frá stöðinni í fjöruna.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Fram kemur að við hönnun stöðvarinnar verði þess gætt að hún falli sem best að umhverfinu og leitað verði til landslagsarkitekta í þeim tilgangi. Hraunkambur liggja meðfram vegi sem muni að mestu skyggja á stöðina frá þjóðvegi. Þá muni stöðin ekki verða áberandi, séð frá byggðinni í Grindavík og muni ekki sjást frá Bláa lóninu. Þar sem stöðin verði á eða í nágrenni svæðis sem þegar einkennist af áberandi mannvirkjum þá muni áhrif á landslag og ásýnd lands verða óveruleg, en nokkuð neikvæð á afmörkuðu svæði í fjöru þar sem endi lagnarinnar verði í steiptum stokki.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að á lóð fyrirhugaðrar fiskeldisstöðvar sé gróður nokkuð rýr en um sé að ræða sandorpið hraun með slitróttum mosabreiðum og lynggróðri. Ekki sé vitað til að á svæðinu sé að finna tegundir á valista. Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði staðbundin og veruleg á þeim hluta lóðarinnar sem byggt verði á en óveruleg utan þess. Fram kemur að ekki hafi verið gerðar athuganir á fuglavarpi innan framkvæmdasvæðisins en Náttúrufræðistofnun Íslands hafi mælt þéttleika varpugla á svæði við Eldvörp sem liggja nokkru norðar og megi reikna með að fuglalíf sé svipað þar og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ólíklegt sé að tegundir á valista

Náttúrufræðistofnunar Íslands sé að finna á framkvæmdasvæðinu og líklegt sé að varp á framkvæmdasvæði sé fábreytt og þéttleiki fugla líklega ekki mikill. Áhrif á varp verði staðbundin, en helst vegna truflunar á framkvæmdatíma sem verði tímabundin. Áhrif á fugla og búsvæði þeirra verði því í heild óveruleg. Fram kemur að í fjöru séu talsvert margir fuglar sem sæki sér fæðu þangað allt árið. Affallsvatnið verði næringarríkt og ekki ólíklegt að framleiðni fjörunnar aukist í næsta nágrenni við útfallið. Það sé vel þekkt að t.d. í vetrarfuglatalningum sé aukinn fjöldi fugla, svo sem andfugla, máfa og vaðfugla að finna í námunda við útrásir frá fiskeldi. Þannig geti slíkar útrásir haft jákvæð áhrif á fuglalíf með því að auka fjölda tegunda og einstaklinga fugla og því sé líklegt að áhrif útrásar í fjöru hafi nokkuð jákvæð áhrif á fuglalíf í fjöru næst útrásinni.

Áhrif á lífríki fjöru. Fram kemur að fjöru vestan Grindavíkur séu á náttúruminjaskrá m.a. vegna fjölbreytts strandgróðurs og fjölskrúðugs fuglalífs. Áhrif frárennslis frá fiskeldinu verði lítilsháttar hækkun í hita, lægri selta og aukning næringarefna. Hafa beri í huga að ferskvatn sem notað verði í fiskeldisstöðinni verði tekið úr grunnvatni sem streymi til sjávar í Arfadalsvík og lögn frá orkuverinu á Svartsengi sem einnig verði á leið til sjávar. Frárennslíð muni berast í sjó við yfirborð en ekki undan eða út úr hrauni eins og gerist við náttúrulegar aðstæður. Vegna brims og strauma í vikinni megi búast við að góð blöndun verði við frárennslisopið og frárennslíð frá stöðinni muni þynnast og kólna strax nærri útrásinni og á afmörkuðu svæði. Aukin næringarefni og þar af leiðandi aukin framleiðni, muni því leiða til staðbundinna og nokkuð jákvæðra áhrifa og kann að stuðla að auknu fuglalífi. Aukinn hiti, lækkun seltu og aukið framboð næringarefna muni breyta tegundasamsetningu lífríkis í námunda við frárennslisopið en áhrif af þeim völdum verði óveruleg, þó þau verði nokkuð neikvæð næst útfallinu.

Áhrif á grunnvatn. Fram kemur að borað verði eftir jarðsjó og ferskvatni innan lóðar IceAq en ef magnið verði ekki nægjanlegt verði hugsanlega borað utan lóðar og nær fjöru, þ.e. sunnan við lóðina. Fylgst verði reglulega með yfirborði ferskvatns og seltu vatnsins í borholum og þannig vaktað hvort fyrirhuguð vatnsvinnsla dragi jarðsjó upp í ferskvatnslínu svæðisins. Nokkur fjarlægð sé milli fyrirhugaðs eldissvæðis og nærliggjandi vatnsbóls í Lágum og muni vatnstaka vegna eldisins ekki hafa áhrif á vatnstöku þar. Samkvæmt grunnvatnslíkani verði grunnvatn á svæðinu fyrir óverulegum áhrifum af fyrirhugaðri vatnstöku til eldisins.

Loftgæði og hljóðvist. Fram kemur að frá eldisstöðinni verði óverulegur útblástur sem gæti haft áhrif á loftgæði umfram það sem vænta megi vegna umferðar tengdri starfseminni. Áhrif á loftgæði verði því óveruleg. Þá sé ekki gert ráð fyrir miklum hávaða af starfseminni. Vatn renni undan halla milli kera og keyrslu á dælubúnaði verði þannig haldið í lágmarki. Hljóðstig á rekstartíma muni verða innan marka reglugerða um hávaða nr. 728/2008. Á framkvæmdatíma megi búast við tímabundnum hávaða af völdum byggingaframkvæmda og aukinnar umferðar en hljóðstig á framkvæmdatíma muni einnig verða innan marka reglugerðar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 sé lögð fram sú stefna að affall frá orkuvinnslu við Svartsengi og Eldvörp sé leitt til sjávar með lögnum vestan við þéttbýlisvæði Grindavíkurbæjar. Samkvæmt drögum að rammaskipulagi sé gert ráð fyrir að fráveitulögn HS-Orku liggi þvert í gegnum iðnaðarsvæði frá norðri til suðurs ásamt 15 m breiðu lagnabelti og þjónustuveg með 50 m helgunarsvæði. Iðnaðarsvæðinu verði skipt niður í 8 lóðir fyrir iðnað sem sé nánar tilgreint í aðalskipulagi. Unnið sé að því að fá rammaskipulag svæðisins samþykkt. Fram kemur að hafin sé vinna við deiliskipulag eldisstöðvarinnar og útrásarinnar frá henni.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Grindavíkurbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að vakta þurfi fráveituvatn með reglubundnum hætti og að stofnunin muni setja ákvæði þess efnis í starfsleyfi fyrir stöðina.

Umhverfisstofnun muni einnig við gerð starfsleyfis skoða nánar frágang frárennslisins. Þá minnir Umhverfisstofnun á að ef staðsetning frárennslis sé ekki í samræmi við 2. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp sé heimilt skv. 7. tl. sömu greinar að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd meti fullnægjandi. Áður en nefndin taki ákvörðun sína þar um skuli hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun og byggingu stöðvarinnar muni framkvæmdaraðili hafa samráð við heilbrigðisnefnd varðandi frágang frárennslis. Þá muni IceAq hlíta þeim skilyrðum sem sett verði um vöktun frárennslis og sækja um leyfi til vatnsöflunar til Orkustofnunar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að á byggingartíma verði raskað nútímahrauni, en skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Framkvæmdin er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og verði áhrif þar varanleg og óafturkræf. Frárennslis frá stöðinni verði lagt í skipulagða lagnaleið með frárennslis frá orkuverinu í Svartsengi. Umhverfisstofnun telur að við lagningu frárennslislagnarinnar eigi að leggja áherslu á að takmarkað rask verði af hennar völdum í fjöru og þó lagnaleið til sjávar verði samnýtt með öðrum aðila ætti IceAq að gæta þess að framkvæmdin rýri ekki verndargildi fjörunnar við Arfadalsvík sem sé á náttúruminjasrá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að IceAq muni leggja áherslu á að halda raski í fjöru í lágmarki. Framkvæmdir á lagnaleið séu hluti af víðtækari framkvæmdum, en þess verði gætt að sem minnst röskun verði á lagnaleið af völdum framkvæmdanna.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar segir að lífríki í Arfadalsvík sé frekar auðugt og því einsýnt að ef frárennslis muni renna yfir lífríki fjörunnar muni það hugsanlega taka breytingum en þó ekki á stóru svæði. Blöndun afrennslis við sjó í fjörunni verði ekki eins hröð og ef lögnin næði niður fyrir stórstraumsfjöru eins og tilfellið verði með frárennslislögn frá Svartsengi. Því telji stofnunin að huga ætti að því að sameina frárennslis IceAq lögninni frá Svartsengi t.d. ofan fjöru þar sem dæluhús HS Orku rísi og áður en lagnirnar fari til sjávar í Arfadalsvík. Þar með þurfi ekki tvær lagnir niður í fjöruna sem væri ótvíræður kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða og sjónrænna áhrifa í Arfadalsvík auk þess sem blöndun frárennslis muni lækka hita frárennslis frá orkuverinu í Svartsengi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ljóst sé að áhrif á lífríki fjöru við frárennslislögn verði staðbundin. Breytingar geti orðið á tegundasamsetningu vegna lítilsháttar lækkunar seltu og vegna hitabreytinga, sem telja megi neikvæð áhrif miðað við grunnástand. Þá verði einhver aukning næringarefna sem gæti líklega leitt til aukins fuglalífs eins og þekkist víða við frárennslis fiskeldisstöðva. Fiskeldisstöðvar í nágrenninu, þar með talin stöð við Stað sem sé í eigu Hafrannsóknarstofnunarinnar, losi frárennslis í fjöru og sama megi segja um stöðvar annars staðar á landinu sem hafi nýleg starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Hvað varði ábendingu um að huga að því að sameina frárennslis frá stöðinni við frárennslis frá Svartsengi þá hafi það verið skoðað en á því séu ýmis tæknileg vandkvæði. Lögnin frá orkuverinu í Svartsengi verði þannig frágengin að hægt verði að loka henni í húsi HS Orku við fjörukambinn. Frárennslis IceAq þurfi hins vegar að vera alveg óháð lögn HS Orku. Því þyrfti að reisa sér loku- og dæluhús með tilheyrandi áhrifum auk þess sem óvíst sé um tímasetningu á byggingu lagnanna. Það sé álit framkvæmdaraðila að áhrif af byggingu dælu- og lokuhúss við fjörukamb og raski vegna lagningar leiðslu um fjöruna yrðu meiri en ef gengið verði frá enda frárennslisins í fjöru á lítt áberandi hátt.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að í tengslum við fyrirspurn um matsskyldu fráveitu orkuversins í Svartsengi hafi farið fram fornleifaskráning árið 2012. Auk Sundavörðu hafi tvær aðrar fornleifar verið skráðar, rétt og stekkur, norðan við þjóðveginn skammt frá þeim stað þar sem gert hafi verið ráð fyrir að sjávarlögnin frá Svartsengi liggji. Með samanburði á staðsetningum fornleifanna samkvæmt loftmyndum í fornleifaskráningu og í skýrslu IceAq sé ekki ljóst hvort réttin og stekkurinn verði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eða rétt norðan við það. Þetta þurfi að kanna frekar. Komi í ljós að réttin og stekkurinn séu innan framkvæmdasvæðisins muni Minjastofnun Íslands ákveða til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa vegna þeirra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vegna athugasemda Minjastofnunar hafi staðsetning minjanna verið skoðuð nánar og í ljós komið að þær séu að hluta innan lóðar IceAq. Fullt tillit verði tekið til minjanna við hönnun og byggingu stöðvarinnar og svæðið afmarkað með skýrum hætti þannig að ekki verði hróflað við þeim á byggingatíma nema í samráði við Minjastofnun.

Í frekari umsögn Minjastofnunar Íslands er fallist á áform framkvæmdaraðila varðandi minjarnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 3.000 tonna framleiðslu á bleikju og borra á vegum IceAq ehf., vestan Grindavíkur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Fyrirhugaðar framkvæmdir kalla á allmikil mannvirki, m.a. um 9 m háa, 400 m² þjónustubyggingu, nokkur 7 m há fóðursló og allmörg umfangsmikil fiskeldisker. Ljóst er að sjónræn áhrif þessara mannvirkja ásamt frárennislögn til sjávar og stokki í fjöru koma til með að verða nokkuð neikvæð. Hins vegar er ljóst að í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði eru önnur mannvirki auk þess sem fyrirhuguð er uppbygging annarrar starfsemi á iðnaðarsvæði þar sem lóð IceAq er staðsett. Þá liggur fyrir að fyrirhugaðar eru umfangsmeiri lagnir HS Orku frá Svartsengi á skilgreindri lagnaleið frárennislögn fiskeldisins. Óhjákvæmilega munu fyrirhugaðar framkvæmdir hafa samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum m.t.t. sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag ef litið er til grunnástands svæðisins í dag og geta þau áhrif orðið talsvert neikvæð að mati Skipulagsstofnunar.

Áhrif á gróður. Ljóst er að vegna uppbyggingar fyrirhugaðrar starfsemi og gerð frárennislagnar mun hraun raskast, sem vaxið er mosa og lyngi. Ekki er vitað til þess að á svæðinu sé að finna tegundir á valista skv. framlögðum gögnum. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á gróður verði nokkur vegna umfangs raskisins og vegna þess að áhrifin verða óafturkræf.

Áhrif á jarðmyndanir og verndarsvæði. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir við byggingar og fiskiker á væntanlegri lóð IceAq munu raska rúmlega hálfum ha af hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þá mun lögn frá fiskeldinu ennfremur raska, ásamt fyrirhuguðum lögnum frá orkuverinu í Svartsengi, hraunum á alllögnum kafla frá eldissvæðinu og til sjávar.

Þá er strandsvæði vestan Grindavíkur á náttúruminjaskrá og tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Umhverfisstofnunar um að gæta verði þess að framkvæmdin rýri ekki verndargildi svæðisins þó gert sé ráð fyrir að nýta fyrirhugaða lagnaleið frá orkuverinu í Svartsengi til sjávar. IceAq hyggst leiða frárennslu frá eldinu til Arfadalsvíkur um rör sem endi í steiptum stokki í fjörunni og leitast við að láta stokkinn falla sem best að umhverfi fjörunnar. Skipulagsstofnun telur að raskið muni rýra verndargildi svæðisins. Því verði áhrif á hraun og jarðmyndanir í fjöru talsvert neikvæð.

Fyrirkomulag fráveitu. Ljóst er að fyrirhuguð starfsemi er háð því að heitt vatn (affall frá orkuverinu í Svartsengi) berist eldisstöðinni vegna eldis á borra, en mögulegt verður að halda áfram bleikjueldi þó loka verði fyrir rennslu affalls frá orkuverinu í Svartsengi. Þessar forsendur ráða því að tryggja þarf sérstakt frárennslu frá eldistöðinni til sjávar, í stað þess að samnýta eina frárennislögn með orkuverinu.

Áhrif á lífríki í fjöru. Setgildir og síur verða notaðar til þess að hreinsa frárennslu frá eldinu og því má gera ráð fyrir að fastur lífrænni úrgangur muni ekki berast eftir frárennislögninni til sjávar. Þá hefur verið gerð grein fyrir áætlun um efnainnihald og sýrustig frárennslisins, sem gefur til kynna að þeir þættir verði vel innan marka sem sett eru í reglugerð um fráveitur og skólþ. Hiti frárennslisins verður 10°C ef einungis er framleidd bleikja en allt að 17°C í blönduðu eldi á bleikju og borra. Vegna brims og strauma í vikinni má gera ráð fyrir að blöndun í sjó verði hröð. Fyrir liggur að fyrirhuguð lögn frá orkuverinu mun fara í gegnum svæði á náttúruminjaskrá en að útrás hennar verði utan þess svæðis. Í tilfelli fyrirhugaðs eldis IceAq verður endi frárennislagnar hins vegar í fjöru á áðurnefndu svæði á náttúruminjaskrá. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 2. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um

fráveitur og skólp, skal allt skólp sem rennur til sjávar vera veitt minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsmörkum. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að staðsetning útrásarinnar verði með þeim hætti og þá sérstaklega með hliðsjón af verndargildi fjörunnar en fyrir liggur að IceAq hyggst sækja um undanþágu frá þessum ákvæðum reglugerðarinnar. Við þessar aðstæður telur Skipulagsstofnun hugsanlegt að lífríki fjörunnar breytist við það að frárennsli sem er tiltölulega ríkt af lífrænum efnum renni um fjöruna á litlu svæði en hitastigsbreyting í viðtaka verði óveruleg. Líklegt er að áhrif á lífríki fjöru verði ekki umfangsmikil en viðtakinn er á svæði á náttúruminjasrá. Skipulagsstofnun telur að áhrifin verði nokkuð neikvæð einkum vegna aukins útstreymis lífrænna næringarefna sem kunna að raska náttúrulegu jafnvægi á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu IceAq ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð IceAq ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 3.000 tonna eldi IceAq ehf. á bleikju og borra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Stofnunin bendir einnig á að fyrirhuguð vatnsvinnsla er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Áður en leyfi til framkvæmda eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag af svæðinu. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að IceAq ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og vöktun á aðgerðum og áhrifum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins, þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. september 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson